

Útboðslýsing

Landsbréf-Einkabréf C hs.

Fjárfestingarsjóður

Kt: 431212-9190

ISIN: IS0000022580

Rekstraraðili er Landsbréf hf.

Janúar 2021

Efnisyfirlit

I.	ALMENNT.....	3
II.	UM SJÓÐINN, REKSTRARAÐILANN OG VÖRSLUAÐILANN	5
	1. Rekstraraðili.....	5
	2. Vörsluaðili.....	6
	3. Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða	7
	4. Markmið og fjárfestingarstefna	7
	5. Áhætta.....	9
	6. Fyrri árangur sjóðsins.....	11
III.	AÐRAR UPPLÝSINGAR.....	11
	1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina.....	11
	2. Um gengi og innlausnarvirði.....	12
	3. Mat eigna.....	12
	4. Skattamál	13
	5. Þóknanir, rekstrarkostnaður og annar kostnaður	14
	6. Kaup og sala hlutdeildarskírteina.....	15
	7. Ársreikningur og árshlutauppgjör.....	15
	8. Reglur og reglulegar skýrslur	15
	9. Reglubreytingar, samruni og slit.....	15
	VIÐAUKI 1: REGLUR FYRIR LANDSBRÉF – EINKABRÉF C	16

I. ALMENNT

Útboðslýsing þessi er gerð með vísan til 86. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangurinn er að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum. fjárfestingarsjóðsins Landsbréf – Einkabréf C hs.

Útboðslýsingin er samin af Landsbréfum hf. og er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir.

Til nánari glöggvunar eru hér stuttar skilgreiningar á orðum og hugtökum sem notuð eru í útboðslýsingunni.

Almennur fjárfestir: Almennur fjárfestir er skilgreindur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti sem fjárfestir sem er ekki fagfjárfestir

Fagfjárfestir: Fjárfestar sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir, sbr. nánar lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Fjárfestingarsjóður: Hlutdeildarsjóður sem flokkast sem sérhæfður sjóður en lýtur þeim fjárfestingarheimildum og reglum sem kveðið er á um í X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sem fjárfestingarsjóður.

Fylgisjóður: Sérhæfður sjóður sem:

- fjárfestir a.m.k. 85% eigna sjóðsins í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annars sérhæfðs sjóðs (höfuðsjóðs)
- fjárfestir a.m.k. 85% eigna sjóðsins í fleiri en einum höfuðsjóði sem eru með sömu fjárfestingaraðferðir, eða
- með öðrum hætti ber áhættu gagnvart tilteknum höfuðsjóði sem nemur a.m.k. 85% eigna sjóðsins.

Einkabréf C geta starfað sem höfuðsjóður gagnvart fylgisjóðum.

Grunnmynt: Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).

Hlutdeildarskírteini: Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í hlutdeildarsjóði eða einstakri deild hans til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins.

Hlutdeildarsjóður: Sérhæfður sjóður sem stofnað er til af rekstraraðila með starfsleyfi og í reglum sjóðsins kemur fram að hann sé hlutdeildarsjóður.

Höfuðsjóður: Sérhæfður sjóður sem annar sérhæfður sjóður svonefndur fylgisjóður fjárfestir í eða hefur áhættuskuldbindingu gagnvart. Einkabréf C getur verið höfuðsjóður, enda hafi Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands samþykkt fjárfestingu fylgisjóða í honum sem höfuðsjóði.

Innlausn: Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á innlausnardegi, eftir þeim reglum sem um innlausn gilda. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda sé frestunin almenn og taki til allra hlutdeildarskírteina.

Lágmarkskaup: Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hlutdeild sjóðfélaga á hverjum tíma. Lágmarkskaup í sjóðnum eru 5.000 krónur að söluvirði.

- Markaðssetning:** Tilboð eða hvatning til fjárfesta með auglýsingum eða annarri kynningu að frumkvæði rekstraraðila eða fyrir hans hönd um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sérhæfðum sjóði sem hann rekur. Einkabréf C eru eingöngu markaðssett á Íslandi.
- Rekstraraðili:** Lögaðili sem rekur einn eða fleiri sérhæfða sjóði með reglubundnum hætti. Landsbréf hf. kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstraaðili“) er rekstraraðili sjóðsins og fer með fyrirvar hans.
- Réttindi:** Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins í hlutfalli við eignahlutdeild sína.
- Sérhæfður sjóður:** Sjóður, þ.m.t. sjóðsdeildir, sem veitir viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu með ávinning fjárfesta að markmiði og hefur ekki starfsleyfi sem verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði.
- Sjóðurinn:** Landsbréf-Einkabréf C hs. kt. 431212-9190, (hér eftir „Einkabréf C“ eða „sjóðurinn“), er fjárfestingarsjóður og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og er ekki deildaskiptur.
- Starfsemi:** Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
- Stofndagur:** 16. janúar 2013.
- Söluaðili:** Landsbankinn hf. annast sölu og markaðssetningu sjóðsins.
- Vörsluaðili:** Lögaðili sem annast vörslu fjármálagerninga fyrir sérhæfða sjóði, sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, (hér eftir „Landsbankinn“ eða „vörsluaðili“) er vörsluaðili sjóðsins.
- Upplýsingar:** Hægt er að nálgast þau gögn sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á skrifstofu Landsbréfa, vefsíðu félagsins www.landsbref.is, afgreiðslustöðum Landsbankans og vefsíðu www.landsbankinn.is.

II. UM SJÓÐINN, REKSTRARAÐILANN OG VÖRSLUAÐILANN

1. Rekstraraðili

Landsbréf, sem er rekstraraðili sjóðsins, er hlutafélag sem var stofnað í desember 2008. Hlutfélag Landsbréfa nemur 35.000.000 kr. og er það allt greitt. Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans.

Landsbréf annast rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Landsbréf eru fjármálafyrirtæki með starfsheimildir sem rekstraraðili verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, en hafa auk þess heimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila. Sem fjármálafyrirtæki og rekstraraðili sjóða lúta Landsbréf eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Rekstraraðili og vörsluaðili skulu vera óháðir í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Rekstraraðili skal einnig vinna í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Landsbréf hafa sett sér reglur um það hvernig tekið skuli á mögulegum hagsmunaárekstrum í starfseminni og má nálgast útdrátt úr þeim á vefsíðu rekstraraðila, www.landsbref.is.

Rekstraraðilinn skipar sjóðnum sérstakan sjóðstjóra, einn eða fleiri, sem tekur ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins og annast framkvæmd þeirra í samræmi við reglur sjóðsins og lög. Sjóðstjóri skal hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum og vera að mati rekstraraðilans vel hæfur til að fara með sjóðstjórn. Fjármálaeftirlitinu er tilkynnt um hver eða hverjir eru sjóðstjórar sjóðsins.

Stjórn Landsbréfa skipa:

- Þórunna Jónsdóttir, formaður, kt. 191268-3779, stjórnendaráðgjafi og lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík
- Magnús Magnússon, kt. 160965-4799, sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans
- Guðmunda Kristjánsdóttir, kt. 020976-3149, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum
- Haraldur Flosi Tryggvason, kt. 291166-4079, lögmaður hjá LMB Mandat slf.
- Signý Sif Sigurðardóttir, kt. 050278-3449, forstöðumaður fjárstýringar Landsvirkjunar.

Varamenn í stjórn:

- Guðjón Valgeir Ragnarsson, kt. 300364-5279, sérfræðingur hjá Landsbankanum
- Erna Eiríksdóttir, kt. 110963-2039, fjármálastjóri Borgarplasts hf.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Helgi Þór Arason, kt. 160375-5079.

Endurskoðandi Landsbréfa er kosinn árlega á aðalfundi og er nú Grant Thornton endurskoðun ehf., kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík.

Landsbréf hafa gert samning við Landsbankann um útvistun ýmissa verkefna tengdum sjóðum. Slíkir útvistunarsamningar eru háðir samþykki Fjármálaeftirlitsins og eru þeir gerðir samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við þetta samkomulag annast Landsbankinn eftirtalin verkefni:

- Annast eftirlit með mati rekstraraðilans á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins.
- Heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti.
- Annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, regluvörslu og hefur umsjón með rekstri tölvukerfa Landsbréfa.
- Annast sölu- og markaðsmál fyrir sjóði í rekstri Landsbréfa.
- Annast bókhald og uppgjör sjóðsins.

- Greiðir viðeigandi þóknunir fyrir sjóðinn.
- Gerir mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, á samskipti við endurskoðanda í samráði við Landsbréf, vinnur skýrslur til opinberra aðila og hlutdeildarskírteinishafa að höfðu samráði og eftir ákvörðun Landsbréfa.

Útvistun verkefna leysir rekstraraðila að engu leyti undan þeirri ábyrgð sem hann ber á hinum útvistuðu verkefnum, sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Þann 1. október 2020 voru 9 verðbréfasjóðir í rekstri Landsbréfa sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins; Landsbréf - Sparibréf verðtryggð, Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð, Landsbréf - Markaðsbréf, Landsbréf - Sparibréf stutt, Landsbréf - Sparibréf meðallöng, Landsbréf - Sparibréf plús, Landsbréf - LEQ UCITS ETF, Landsbréf - Global Equity Fund og Landsbréf - Nordic 40.

Einnig hafa Landsbréf með höndum rekstur 14 fjárfestingarsjóða sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins; Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð, Landsbréf - Global Portfolio, Landsbréf - Öndvegisbréf, Landsbréf - Úrvalsbréf, Landsbréf - Eignadreifing Langtíma, Landsbréf - Eignadreifing Virði, Landsbréf - Eignadreifing Vöxtur, Landsbréf - Einkabréf B, Landsbréf - Einkabréf C, Landsbréf - Einkabréf D, Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf, Landsbréf - Global Multi Asset, Landsbréf - Veltubréf plús og Landsbréf - Veltubréf.

Landsbréf reka að auki 13 sérhæfða sjóði sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Landsbréf - Hvatning slhf., Landsbréf - Fixed Income Opportunity Fund, Landsbréf - BÚS I, Horn III slhf., Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf., Askja fagfjárfestingsjóður, Brunnur vaxtarsjóður slhf., Horn II slhf., Landsbréf - Icelandic Tourism Fund slhf., Hekla fagfjárfestingsjóður, Drangar Fund og Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður II.

Upplýsingar um sjóði rekstraraðilans má finna á öllum afgreiðslustöðum Landsbankans og á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is sem og á vefsíðu Landsbankans, www.landsbankinn.is. Landsbréf sjá um stýringu eigna sjóðanna með kaupum og sölum á fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu og reglur hvers sjóðs. Þá skulu Landsbréf hafa eftirlit með störfum Landsbankans vegna þeirra verkefna sem útvistað hefur verið til bankans, sbr. framangreint.

2. Vörsluaðili

Landsbréf hafa gert vörslusamning við Landsbankann þess efnis að bankinn annist umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri rekstraraðilans, sbr. 32. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sinni að öðru leyti þeim skyldum sem vörsluaðilar skulu bera lögum samkvæmt. Landsbankinn er fjármálafyrirtæki og er meginstarfsemi hans alhliða banka- og fjármálaþjónusta, en Landsbankinn hefur einnig heimildir til að starfa sem vörsluaðili. Landsbankinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Helstu lögbundnu hlutverk vörsluaðila eru sett fram í IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og eru samkvæmt m.a. eftirfarandi:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila.
2. Varðveita alla fjármálagerninga sérhæfðs sjóðs og tryggja aðgreiningu þeirra frá eignum annarra aðila.
3. Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila.
4. Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila.
5. Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka.
6. Tryggja að tekjum sjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Samkvæmt 42. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, ber vörsluaðili ábyrgð gagnvart sérhæfðum sjóði og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útvistunaraðila hans glatast. Þessi ábyrgð gildir þó ekki ef sýnt er fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að

vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum. Vörsluaðili ber ábyrgð á öðru tjóni en að framan greinir sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sérhæfðum sjóði eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna.

3. Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarheimildir Einkabréfa C eru skilgreindar í reglum sjóðsins og er nánari grein gerð fyrir þeim í 4. gr. hér að neðan um markmið og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Til viðbótar við þá fjárfestingarstefnu sem sett er í reglum sjóðsins setja lög tiltekna takmarkanir á fjárfestingarheimildir, sbr. 89-96. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og gilda þær um fjárfestingarheimildir sjóðsins. Þó þessar skorður sem lög setja varðandi fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða séu heldur minni en lög kveða á um varðandi fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða (UCITS) þá eru þær engu að síður þýðingarmiklar og mikilvægt að fjárfestar kynni sér þær vel. Gerð er grein fyrir þessum lögbundnu takmörkunum í 4. kafla hér að neðan.

4. Markmið og fjárfestingarstefna

Einkabréf C er fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu. Í því felst að sjóðstjóri nýtir markaðsaðstæður og mat sitt á horfum á hverjum tíma við samsetningu eignasafns sjóðsins innan þeirra vikmarka sem fjárfestingarstefna hans kveður á um varðandi einstaka eignaflokka.

Sjóðurinn er ætlaður viðskiptavinum Einkabankaþjónustu Landsbankans (jafnt einstaklingum sem lögaðilum og jafnt fagfjárfestum og almennum fjárfestum) og verður markaðssetningu eingöngu beint að slíkum aðilum á Íslandi. Þannig verður sjóðurinn ekki markaðssettur utan Íslands. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra og erlendra skuldabréfa, hlutdeildarskírteina þar sem undirliggjandi eignir eru fyrst og fremst skuldaskjöl og svo innlána, eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Í reglum sjóðsins er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti starfað sem höfuðsjóður gagnvart fylgisjóðum sínum. Ef aðrir fjárfestingarsjóðir verða fylgisjóðir Einkabréfa C skal liggja fyrir samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir fjárfestingu fylgisjóðs og gætt að fullnægt sé öllum skilyrðum laga og reglna. Ekki verða innheimt gjöld vegna áskrifa eða innlausna fylgisjóða Einkabréfa C í sjóðnum.

Markmið sjóðsins er að ná fram ávöxtun og dreifingu áhættu með virkri stýringu á fjárfestingum í íslenskum og erlendum skuldaskjölum og sjóðum þar sem undirliggjandi eignir eru íslensk og erlend innlán eða skuldaskjöl og svo innlánnum. Meðallíftími og verðtryggingarhlutfall sjóðsins getur verið breytilegt frá einum tíma til annars.

Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er þannig að sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í fjármálagerningum og innlánnum sem hér segir með þeim takmörkunum og heimildum sem fram koma hér á eftir:

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	0%	40%
Skuldabréf, innlán og peningamarkaðsgerningar	60%	100%
Innlán og peningamarkaðsgerningar	0%	100%
Ríkisskuldabréf	0%	100%
Sértryggð skuldabréf	0%	40%
Önnur skuldabréf	0%	30%
Sérhæfðir sjóðir aðrir en fjárfestingarsjóðir	0%	20%

Fjárfestingar í einstökum framangreindum eignaflokkum geta verið beint í viðkomandi eignaflokkum, en einnig í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem fjárfesta í megindráttum í viðkomandi eignaflokkum. Þannig geta mögulega verið frávik í fjárfestingarstefnum undirliggjandi sjóða og slík frávik girða ekki fyrir fjárfestingu ef þau eru minniháttar.

Fjárfestingar í framangreindum eignaflokkum geta jafnt verið í innlendum fjármálagerningum sem og erlendum fjármálagerningum, þó þannig að heildarfjárfesting í erlendum fjármálagerningum skal ekki vera umfram 70% af heildareignum og þar af að hámarki 30% í skuldabréfum og 40% í hlutabréfum. Með erlendum fjármálagerningum teljast innlendir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta fyrst og fremst í erlendum fjármálagerningum. Sé fjárfest í slíkum sjóðum skal rekstraraðili geta sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sérhæfðu sjóðir lúti sambærilegu eftirliti og fjárfestingarsjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í fjárfestingarsjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörsluaðila, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin séu út ársreikningur og árshlutauppgjör a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef fjárfest er í skuldabréfum sem erlend ríki hafa gefið út eða ábyrgjast skal það vera skilyrði að um sé að ræða aðildarríki OECD og það hafi fengið lánshæfismatseinkunn yfir A eða sambærilega vegna lántöku til skemmri og lengri tíma af a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðurkenndum matsaðilum á lánshæfi: Moody's Investor Service, Standard & Poor's eða Fitch.

Innlánaheimild sjóðsins nær m.a. til heildsöluinnlána (peningamarkaðsinnlána), þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána með samningi beint við fjármálafyrirtæki. Innlán skulu tekin hjá fjármálafyrirtækjum sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er sjóðnum heimilt að binda fé í innlánnum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan EES enda sé með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins hægt að sýna fram á að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán skulu vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Sjóðnum er eingöngu heimilt að gera afleiðusamninga til áhættuvarna, svo sem til að fastsetja hagnað eða með öðrum hætti lágmarka áhættu vegna verðsveiflna og vaxtabreytinga á eignum sjóðsins eða til að draga úr lausafjáráhættu. Sjóðurinn hefur þannig ekki heimild til að fjárfesta í afleiðum til stöðutöku. Allt að 10% af eignum sjóðsins geta verið í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt. Sjóðurinn hefur einnig heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti með fjármálagerninga í eigu sjóðsins, enda sé mótaðili í þeim viðskiptum fjármálafyrirtæki og slíkir samningar séu eingöngu gerðir til að draga úr lausafjáráhættu sjóðsins.

Samkvæmt 93. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða má sjóðurinn að hámarki binda:

1. 20% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.
2. 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.
3. 35% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs. Sjóðurinn hefur þó samkvæmt heimild frá Fjármálaeftirlitinu sem gefin er í samræmi við 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða heimild til að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í ríkistryggðum íslenskum verðbréfum. Sé heimildin nýtt skal dreifa fjárfestingunni á a.m.k. 6 mismunandi verðbréfaútgáfur og hámarksfjárfesting í einstakri útgáfu má ekki nema meira en 30% af eignum sjóðsins.
4. 20% af eignum sjóðs í sama verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða öðrum sérhæfðum sjóði í samræmi við ákvæði 2. tölul. 89. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
5. 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr.
6. 10% af eignum sjóðs í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda.

Þá gildir jafnframt samkvæmt 93. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða:

1. að samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%, sbr. 90. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða;
2. að aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning á heimilum fjárfestingum samkvæmt framansögðu;
3. að samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins og
4. að samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Þá gildir um fjárfestingar sjóðsins samkvæmt 94. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að honum er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
2. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
3. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

Samkvæmt 95. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er fjárfestingarsjóðum:

1. óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. gr. sömu laga. Sjóðnum er þó heimilt samkvæmt framangreindri 95. gr. laganna að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu;
2. heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs og
3. skal metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Fari fjárfesting sjóðsins á einhverjum tíma fram úr hámrörkum samkvæmt framansögðu skal rekstraraðili þegar í stað gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar þar um. Ráðstafanir til úrbóta skulu gerðar í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu hlutdeildarskírteinishafa.

Framangreindar takmarkanir á fjárfestingum samkvæmt lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, geta breyst verði lögunum breytt og breytast þá heimildir Einkabréfa C til samræmis og verður getið um það þá þegar útboðslýsing sjóðsins verður uppfærð sem gerist að minnsta kosti einu sinni á ári.

5. Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er að jafnaði áhættuminni en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, því hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Vakin er sérstök athygli á því að rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í samanburði við heimildir verðbréfasjóða geta leitt til þess að meiri áhætta er fólgin í fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum en verðbréfasjóðum. Þar sem Einkabréf C er fjárfestingarsjóður getur sjóðurinn fjárfest meira í fjármálagerningum einstakra útgefenda en honum væri heimilt ef sjóðurinn væri verðbréfasjóður. Þá hafa fjárfestingarsjóðir rýmri heimildir til að fjárfesta í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Þannig geta einstakir útgefendur eða fjármálagerningar vegið þyngra í eignasafni Einkabréfa C en væri ef sjóðurinn væri rekinn sem verðbréfasjóður. Það má hins vegar segja að smæð íslensks fjármálamarkaðar og þeir tiltölulega fáu útgefendur og fjármálagerningar sem á honum eru geri það að verkum að einfaldara er að reka sjóði eins og Einkabréf C sem fjárfestingarsjóði. Sem dæmi eru tiltölulega fáir stórir útgefendur sértryggðra bréfa og tiltölulega fáir stórir innlánabankar. Það er því mat Landsbréfa að smæð íslensks markaðar geri það að verkum að rýmri heimildir fjárfestingarsjóða eins og Einkabréfa C samanborið við verðbréfasjóði geri það að verkum að hægt er að ná fram meiri gæðum í eignasafni þó einstakar eignir geti vegið þyngra en ef sjóðurinn væri verðbréfasjóður. Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en

hækkað og eru því ekki áhættulaus og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið töluverðar vegna sveiflna á gengi þeirra eigna sem sjóðurinn fjárfestir í.

Ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, ný eða breytt löggjöf, náttúruhamfarir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum geta valdið verðlækkun á verðbréfamarkaði, þ.m.t. á gengi hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um ávöxtun í framtíð og verður að gjalda varhug við að byggja væntingar um framtíðarávöxtun á fortíðargögnum.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sem hafa þarf í huga áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í sjóðnum. Upptalningin er þó ekki tæmandi fyrir þá þætti sem geta haft áhrif á gengi sjóðsins.

Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum. Hana má skilgreina sem hættuna á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni hans sem rekja má til breytingar á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða láns hæfi útgefenda. Markaðsáhættu er ekki hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis gengis- og vaxtaáhætta.

Gengisáhætta er áhætta sem felst í því að gengi verðbréfa, hlutdeildarskírteina og gjaldmiðla getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og haft þannig áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

Vaxtaáhætta felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun skuldabréfa. Hækki ávöxtunarkrafa á markaði getur það leitt til lækkunar á verði verðbréfa og öfugt. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa getur til dæmis hækkað við vaxtahækkunir Seðlabanka eða vegna mikils framboðs á markaði. Almennt eykst vaxtaáhætta eftir því sem meðallíftími eigna í sjóðum er lengri. Til þess að draga úr sveiflum má leitast við að spá fyrir um þróun vaxta. Þannig er hægt að lengja meðallíftíma sjóða/fjárfestinga þegar vaxtalækkun er líkleg en stytta þegar líkur eru á hækkun. Erfitt getur reynst að sjá fyrir um sveiflur í ávöxtunarkröfu skuldabréfa og því eðlilegt að sveiflur geti orðið á gengi sjóða við miklar breytingar á ávöxtunarkröfu.

Skuldaraáhætta (greiðsluáhætta) er í sjóðnum. Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi verðbréfs standi ekki við skuldbindingar sínar og fari í gjaldþrot eða nauðasamninga og fjárfesting tapist því að hluta til eða að öllu leyti. Innlánakröfur geta tapast við gjaldþrot fjármálastofnunar sem sjóðurinn á innlán hjá. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda. Skuldaraáhætta er almennt talin vera meiri ef um verðbréf fyrirtækja eða sveitarfélaga er að ræða en ef um verðbréf með ríkisábyrgð er að ræða.

Gjaldmiðlaáhætta er í sjóðnum. Fjárfest er að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendri mynt. Gengisbreytingar geta verið á gjaldmiðlum þó svo að gengi fjármálagerninga haldist óbreytt og þar með haft áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefenda verðbréfa. Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið óvirkari en gerist á stærri mörkuðum. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefenda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefenda hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða.

Verðbólguáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sjóðurinn hefur heimild til fjárfestingar í óverðtryggðum sem og verðtryggðum verðbréfum.

Frammistöðuáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem að stýring sjóðsins telst virk og árangur sjóðsins getur verið betri eða verri en á þeim verðbréfamörkuðum sem sjóðurinn fjárfestir á, sjóðstjóri hefur val um það hvernig hann fjárfestir innan ramma fjárfestingarstefnunnar.

Seljanleikaáhætta/Lausaffjáraáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins með takmörkuðum kostnaði og innan ásætlanlegs tímaramma, til dæmis ef miklar innlausnir verða í sjóðnum eða ef samþjöppun eigna veldur broti á fjárfestingarstefnu. Lausaffjáraáhætta er því sú áhætta að of lítið laust fé sé til í sjóðnum til að standa undir greiðsluskuldbindingum á hverjum tíma.

Uppgjörsáhætta/Greiðsluáhætta er til staðar í sjóðnum ef útgefandi eða mótaðili í viðskiptum greiðir ekki eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

Vörsluáhætta er í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.


Áhætta tengd fjárfestingum í innlánnum er í sjóðnum. Meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Innlán í eigu sjóðsins, hverju nafni sem þau kunna að nefnast, njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum.

Rekstraráhætta er í sjóðnum og gæti sjóðurinn tapað fjármunum vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstraraðilans, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Rekstraraðili sjóðsins fer með áhættustýringu sjóðsins og er hún aðskilin frá bæði sjóðastýringu og eignastýringu rekstraraðilans. Í áhættustýringu felst m.a. að greina, vakta og mæla áhættur í rekstri sjóðsins, fylgjast með að sjóðurinn sé ávallt innan þess ramma sem reglur sjóðsins og lög setja á hverjum tíma. Ef sjóðurinn fer út fyrir mörk fjárfestingarstefnu tilkynnir áhættustýring bæði stjórn rekstraraðilans og Fjármálaeftirlitinu um atvikið og gengur úr skugga um að gerðar séu úrbætur án tafa

6. Fyrri árangur sjóðsins

Ávöxtun Einkabréfa C er sýnd á myndinni hér fyrir neðan, nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli, að frádregnum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn á hverjum tíma. Áskriftar- og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðsins. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2013.



Nafnávöxtun sjóðsins á síðastliðnum 10 árum

III. AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar fá í hendur kvittun, sem staðfestir hlutdeild þeirra í sjóðnum, og er nafn þeirra og kennitala ásamt heildarhlutdeild skráð í hlutdeildarskírteinaskrá. Landsbankinn sem er vörsluaðili sjóðsins sér um hlutdeildarskírteinaskrá. Hlutdeildarskírteini veitir eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins. Ef sérstaklega er óskað eftir því gefur rekstraraðilinn út hlutdeildarskírteini, sbr. 74. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða gegn 2.000 kr. endurgjaldi. Slík útgefin hlutdeildarskírteini skulu ávallt endurspeglar heildarhlutdeild viðkomandi í sjóðnum við útgáfu og ef breyting verður á eignarhlutdeild vegna sölu eða innlausnar skal nýtt hlutdeildarskírteini gefið út í stað eldra útgefins skírteinis sem þar með telst ógilt.

Allir sem eiga hlutdeild að sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart sjóðnum, þó þannig að tilkall hlutdeildarskírteinishafa er ávallt til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar ber að tilkynna eigendaskiptin til vörsluaðilans og öðlast þau ekki gildi fyrr en slík tilkynning hefur átt sér stað og nýtt hlutdeildarskírteini verið gefið út til framsalshafa og er hlutdeild þá skráð á nafn og kennitölu hans. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrá og heimildartilkynningar getið.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalsgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandinn rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Sá hlutdeildarskírteinishafi sem fer fram á ógildingunni hlutdeildarskírteinis ber kostnað af ógildingunni. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans og er slík tilkynning forsenda þess að eigendaskipti teljist gild.

Um hlutdeildarskírteini að öðru leyti vísast til IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

2. Um gengi og innlausnarvirði

Gengi Einkabréfa C er reiknað í dagslok þá viðskiptadaga sem sjóðurinn er opin og notað til uppgjörs viðskipta með hlutdeildarskírteini tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Gengi sjóðsins er birt á uppgjörsdegi á öllum sölustöðum sjóðsins. Gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum er innlausnarvirði þeirra og er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á gengi sjóðsins fer eftir stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á gengi hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða á Íslandi. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign Einkabréfa C skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því gengi sem gildir á innlausnardegi viðskipta með hlutdeildarskírteini. Þó er heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða að sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað, krefjist hagsmunir eigenda skírteinnanna eða almennings þess, sbr. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Fyrir innlausnarupphæðir sem nema yfir 10% af hreinni eign sjóðsins, þó ekki lægra en 100 milljónir króna, hefur rekstraraðili heimild til að framkvæma innlausn hlutdeildarskírteina að hluta eða öllu leyti með því að framselja til hlutdeildarskírteinishafa verðbréf og fjármálagerninga sjóðsins og aðrar eignir hans í sömu hlutföllum og svara til hlutdeild viðkomandi í sjóðnum (innlausn „in kind“). Þessi háttur skal almennt ekki hafður á nema það sé mat rekstraraðila að ella verði jafnræði hlutdeildarskírteinishafa ekki nægilega vel tryggt.

Landsbréf geta lokað fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ef ekki er talið að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði.

3. Mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf eða annarra sambærilegra stjórnvaldsreglna sem kunna að verða settar um mat eigna fjárfestingarsjóða. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar í eigu sjóðsins, sem eru skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar.

Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Landsbréfa, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstraraðilinn skal halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignum.

Fyrir sjóðinn skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerninga í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina endurspegli sem best verðmæti eigna hlutaðeigandi sjóðs á hverjum tíma.

4. Skattamál

Sérhverjar tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skattlagðar sem vaxtatekjur samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattaleg meðferð er mismundandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila. Skattstofn við innlausn hlutdeildarskírteina er reiknaður sem mismunur á innlausnarverði og kaupverði hlutdeildarinnar. Á hverjum tíma er reiknað meðalkaupverð allrar hlutdeildar hvers hlutdeildarskírteinishafa og er það lagt til grundvallar við útreikning staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur við sérhverja innlausn í sjóðnum.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er innheimtur af innlendum einstaklingum 22% staðgreiðsluskattur af fjármagnstekjum, svo sem vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildarskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur er bráðabirgðagreiðsla og fer endanlegt uppgjör fram við álagningu opinberra gjalda ár hvert. Við álagningu er tekið tillit til að skattleysismarkað fjármagnstekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Skattleysismörk fjármagnstekna (arðs, vaxta og söluhagnaðar) eru 300.000 kr. (frá og með 1. janúar 2020) og er ofgreidd staðgreiðsla eftir atvikum endurgreidd við álagningu. Ef fjármagnstekjurnar flokkast sem rekstrartekjur hjá einstaklingi eru þær skattlagðar við álagningu í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Staðgreiðsla er ávallt innheimt við innlausn eða framsal hlutdeildarskírteina og kemur afdregin staðgreiðsla til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að tekjuári lýkur. Við afdrátt staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er stofn til staðgreiðslu reiknaður á mismun verðmætis innlausnarfjárhæðar og meðalkaupverðs sem haldið er sérstaklega utan um (stofnverð).

Við skattskil skattskyldra lögaðila er áfallin gengisbreyting af hlutdeildarskírteinum færð til tekna eða gjalda á rekstrarreikningi og kemur þannig inn í útreikning á tekjuskattsstofni rekstrartekna og skattleggst í því skatthlutfalli sem gildir um viðkomandi félagsform lögaðilans. Hlutföll þessi eru nú 20% fyrir hlutafélög og 37,6% fyrir sameignarfélag. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts er lögð á innleystar fjármagnstekjur þessara aðila með 22% staðgreiðsluhlutfalli og er sú skattgreiðsla bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Ef staðgreiðsla reynist hafa verið ofgreidd (þ.e. afdregin staðgreiðsla reynist hærri en álagður tekjuskattur) þá er hún endurgreidd við álagningu tekjuskatts árið á eftir staðgreiðsluárinu.

Lögaðilar sem almennt eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru engu að síður skyldir til að greiða skatt af tekjum af sölu eða öðru framsali hlutdeildarskírteina og er skattur sá innheimtur í staðgreiðslu með 22% skatthlutfalli. Eftirtaldir lögaðilar sæta hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af hlutdeildarskírteinum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum: Lánasjóður íslenskra námsmanna, Bygðastofnun, Íbúðalánasjóður, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður, lífeyrissjóðir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eru sjóðir sem starfa samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðstöðvar og líftryggingafélög undanþegin staðgreiðslu af fjármagnstekjum.

Erlendir einstaklingar og erlendir lögaðilar sæta 12% staðgreiðslu af fjármagnstekjum, vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildaskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Erlendir einstaklingar geta skilað skattframtali vegna fjármagnstekna og fengið sams konar skattleysismörk og innlendir einstaklingar eða 300.000 kr. á ári.

Frá skattskyldu erlendra aðila gilda ákveðnar undanþágur. Aðilar sem eru heimilisfastir í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, og þar sem sá samningur gerir ráð fyrir að ekki sé haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra, teljast ekki skattskyldir af vaxtatekjum sem upprunnar eru hér á landi. Það er þó forsenda fyrir því að þessi undanþága komi til framkvæmda við staðgreiðslu að sótt hafi verið um hana til ríkisskattstjóra á til þess gerðu eyðublaði RSK 5.42.

Rétt er að vekja athygli á því að skattalög geta breyst frá einum tíma til annars og gildandi reglur til dæmis varðandi skattskyldu, skatthlutföll, skattleysismörk og/eða ákvörðun skattstofna geta tekið breytingum ef lögum verður breytt. Þá geta ný lög verið sett sem kveða á um nýja skattlagningu á tekjum og eignum. Skattfrankvæmd, þar með talið um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er hagað í samræmi við leiðbeiningar og ákvarðanir ríkisskattstjóra. Ef yfirskattanefnd eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd hafi reynst röng í einhverjum atriðum þá fer um leiðréttingar í slíkum tilvikum eftir þeim reglum sem gilda lögum samkvæmt, sbr. einkum 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Viðskiptavinum er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila um skattalega stöðu sína, svo sem til embættis ríkisskattstjóra, endurskoðenda eða lögmannna sem sérhæft hafa sig í skattamálum.

5. Þóknarir, rekstrarkostnaður og annar kostnaður

Við viðskipti með hlutdeildaskírteini í sjóðnum (kaup eða innlausn) er innheimt afgreiðslugjald samkvæmt gjaldskrá söluaðila og er fjárhæð þessi 450 krónur fyrir hver viðskipti. Við kaup í sjóðnum er einnig innheimt gjald sem nemur 1,0% af fjárhæð kaupa.

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 0,65% á ársgrundvelli og er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Umsýsla felst meðal annars í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa, umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildaskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega. Einkabréf C geta samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfest m.a. í öðrum sjóðum Landsbréfa. Landsbréf innheimta umsýsluþóknun af öllum sjóðum í rekstri félagsins.

Beinn kostnaður vegna rekstrar sjóðsins, svo sem vegna umsjónar og vörslu fjármálagerninga, rafrænnar skráningar eða viðskipta- og innheimtuumsýslu í tengslum við eignir sjóðsins, er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald eða annar kostnaður sem greiddur er til Fjármálaeftirlitsins vegna rekstrar sjóðsins. Sjóðurinn er krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig krafid sjóðinn um endurgreiðslu annars kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar og kynningarefnis. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar umfram sem nemur 0,05% árlega.

Sjóðurinn greiðir almennt miðlunarþóknarir til miðlara við kaup og sölu verðbréfa.

Umsýsluþóknun sjóða sem Einkabréf C fjárfesta í má að hámarki nema 3%. Með hliðsjón af 2. mgr. 54 gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði skal bent á að þar sem sjóðurinn fjárfestir í öðrum sjóðum sem reknir eru af Landsbréfum er rekstraraðila ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn á fjárfestingu í sjóðunum.

Ef umsýsluþóknun sjóðsins að viðbætti umsýsluþóknun í öðrum sjóðum í rekstri Landsbréfa sem sjóðurinn kann að fjárfesta beint í fer samtals yfir 1,1% munu Landsbréf endurgreiða sjóðnum það sem umfram er.

6. Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini eru eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og er lágmarksfjárfesting 5.000 kr. Hlutdeildarskírteini skal skrá á nafn eða á safnreikning, sbr. 4. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Opið er fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum frá klukkan 9:30-13:30 þá viðskiptadaga sem kauphöllin á Íslandi er opin. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma hans eru afgreiddar á birtu gengi þess dags og uppgjör fer fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags á birtu gengi þess dags.

7. Ársreikningur og árshlutauppgjör

Ársreikningur og árshlutauppgjör sjóðsins skulu vera almenningi aðgengileg á starfsstöð rekstraraðila og á vefsvæði hans, www.landsbref.is, innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Á vefsvæði rekstraraðila skulu jafnframt birt útboðslýsing þessi og lykilupplýsingar um sjóðinn, auk upplýsinga um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila, sbr. 86. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

8. Reglur og reglulegar skýrslur

Reglur sjóðsins eru í viðauka við útboðslýsingu þessari. Reglulegar skýrslur um sjóðinn ásamt öðrum upplýsingum má finna á vef Landsbréfa landsbref.is og á vef Landsbankans landsbankinn.is.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði uppfærð eigi sjaldnar en árlega.

Útboðslýsing og lykilupplýsingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar eða lykilupplýsinga skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar eigendum hlutdeildarskírteina eða hluta með opinberum hætti. Útboðslýsing þessi skal vera fjárfestum aðgengileg að endurgjaldslausu.

9. Reglubreytingar, samruni og slit

Breytingar á reglum sjóðsins, þ.m.t. á fjárfestingarstefnu hans, skulu samþykktar af stjórn rekstraraðila og öðlast þær ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. 85. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Reglubreytingar skulu tilkynntar eigendum hlutdeildarskírteina, en Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá þeirri tilkynningarskyldu. Slík undanþága er jafnan ekki veitt nema þegar breytingar hafa ekki mikla efnislega þýðingu.

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra fjárfestingarsjóði, enda sé gætt ákvæða laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og stjórnvaldsfyrirmæla settra samkvæmt þeim og fyrir þeirri ákvörðun liggja gild rök.

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um slit sjóðsins enda sé gætt ákvæða laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og stjórnvaldsfyrirmæla settra samkvæmt þeim og fyrir þeirri ákvörðun liggja gild rök.

Viðauki 1: Reglur fyrir Landsbréf – Einkabréf C

Um sjóðinn og rekstrarfélag hans

1. gr.

Landsbréf-Einkabréf C hs. (hér eftir „Einkabréf C“ eða „sjóðurinn“), kt. 431212-9190, er hlutdeildarsjóður og fjárfestingarsjóður, sem starfræktur er í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Landsbréf hf. kt. 691208-0520 (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstraraðili“), Borgartún 33, Reykjavík, eru rekstraraðili sjóðsins og skipa honum sjóðstjóra. Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um að skipt verði um rekstraraðila og skal fara um það eins og reglubreytingar, sbr. 12. gr.

Landsbréfum hf. er heimilt að útvista tilteknum lögbundnum verkefnum rekstraraðila, enda sé gætt ákvæða laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Nánar um form sjóðsins og markmið

2. gr.

Sjóðurinn er hlutdeildarsjóður og fjárfestingarsjóður sem starfar sem höfuðsjóður fyrir fylgisjóði sína og sem opinn óskiptur uppsöfnunarsjóður. Markmið sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fylgisjóðum sínum og viðskiptavinum Einkabankaþjónustu Landsbankans til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins og í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Gert skal sérstakt samkomulag á milli Einkabréfa C, sem höfuðsjóðs og allra fylgisjóða sjóðsins í samræmi við ákvæði laga.

Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi Landsbréfa og standa eignir sjóðsins einar til fullnustu skuldbindinga hans. Hvorki hlutdeildarskírteinishafar né rekstraraðili bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Þetta ákvæði vikir þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstraraðila samkvæmt almennum reglum.

Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

Fjárfestingarstefna

3. gr.

Sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum, innlánnum og fjármálagerningum eins og nánar er kveðið á um í þessari grein.

Fjárfestingastefna Einkabréf C	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	0%	40%
Skuldabréf, innlán og peningamarkaðsgerningar	60%	100%
Innlán/peningamarkaðsgerningar	0%	100%
Ríkisskuldabréf	0%	100%
Sértryggð skuldabréf	0%	40%
Önnur skuldabréf	0%	30%
Aðrir sérhæfðir sjóðir en fjárfestingarsjóðir	0%	20%

Fjárfestingar í einstökum framangreindum eignaflokkum geta verið beint í viðkomandi eignaflokkum, en einnig í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem fjárfesta í megindrattum í viðkomandi eignaflokkum.

Fjárfestingar í framangreindum eignaflokkum geta jafnt verið í innlendum fjármálagerningum sem og erlendum fjármálagerningum, þó þannig að heildarfjárfesting í erlendum fjármálagerningum skal ekki vera umfram 70% af heildareignum og þar af að hámarki 30% í skuldabréfum og 40% í hlutabréfum (og gildir um slíka fjármálagerninga að þeir séu skráðir eða um sé að ræða fjárfestingu í verðbréfasjóðum sem fjárfesta fyrst og fremst í skráðum fjármálagerningum. Með erlendum fjármálagerningum teljast innlendir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta fyrst og fremst í erlendum fjármálagerningum. Ef fjárfest er í skuldabréfum sem erlend ríki hafa gefið út eða ábyrgjast skal það vera skilyrði að þau séu aðildarríki OECD og hafi fengið lánshæfismatseinkunn yfir A eða sambærilega vegna lántöku til skemmri og lengri tíma af a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðurkenndum matsaðilum á lánshæfi: Moody's Investor Service, Standard & Poor's eða Fitch.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í ríkistryggðum íslenskum verðbréfum. Sé heimildin nýtt skal dreifa fjárfestingunni á a.m.k. 6 mismunandi verðbréfaútgáfur og hámarksfjárfesting í einstakri útgáfu má ekki nema meira en 30% af eignum sjóðsins.

Innlánaheimild sjóðsins nær m.a. til heildsöluinnlána (peningamarkaðsinnlána), þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána með samningi beint við fjármálafyrirtæki. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Sjóðnum er eingöngu heimilt að gera afleiðusamninga til áhættuvarna, svo sem til að fastsetja hagnað eða með öðrum hætti lágmarka áhættu vegna verðsveiflna og vaxtabreytinga á eignum sjóðsins eða til að draga úr lausafjáráhættu. Allt að 10% af eignum sjóðsins geta verið í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt. Sjóðurinn hefur einnig heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti með fjármálagerninga í eigu sjóðsins, enda sé mótaðili í þeim viðskiptum fjármálafyrirtæki og slíkir samningar séu eingöngu gerðir til að draga úr lausafjáráhættu sjóðsins.

Um fjárfestingaheimildir sjóðsins gilda þær takmarkanir sem settar eru í X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Skal nánari grein gerð fyrir þeim takmörkunum í útboðslýsingu sjóðsins.

Beitt skal virkri stýringu við fjárfestingar sjóðsins, en í því felst að sjóðstjóri nýtir markaðsaðstæður og mat sitt á horfum á hverjum tíma að við samsetningu eignasafns sjóðsins innan þeirra viktmarka sem fjárfestingarstefnan kveður á um varðandi einstaka eignaflokka.

Vörsluaðili

4. gr.

Landsbankinn hf. er vörsluaðili sjóðsins á grundvelli sérstaks samnings sem Landsbréf hf. hafa gert við vörsluaðila í samræmi við 32. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stjórn Landsbréfa hf. getur tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila og skal þá samningi samkvæmt 1. mgr. sagt upp. Um uppsögn skal gæta sömu málsmeðferðar og gildir um reglubreytingar samkvæmt 12. gr.

Þóknun rekstrarfélags

5. gr.

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 0,65% á ársgrundvelli og er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins s.s. viðskiptakostnaður og innheimtukostnaður er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald til

Fjármálaeftirlitsins sem er lagt á vegna sjóðsins samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og er sjóðurinn krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig krafð sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna umsjónar og vörslu fjármálagerninga, vegna endurskoðunar sjóðsins, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar og lögfræðikostnaðar. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar umfram sem nemur 0,1% á ársgrundvelli sem reiknaður er af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færður til skuldar í bókhaldi. Umsýsluþóknun sjóða sem Einkabréf C fjárfesta í má að hámarki nema 3%.

Sala og framsal

6. gr.

Einkabréf C skulu einungis markaðssett á Íslandi og standa hlutdeildarskírteini í sjóðnum einungis fylgisjóðum Einkabréfa C og viðskiptavinum Einkabankabjónustu Landsbankans til boða. Engar takmarkanir eru á innlausnarrétti hlutdeildarskírteinishafa, sbr. 7. gr., nema þær sem af lögum leiðir, en framsalsréttur takmarkast við að framsalshafi sé fylgisjóður Einkabréfa C eða viðskiptavinur Einkabankabjónustu Landsbankans nema um sé að ræða framsal á grundvelli arfs.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra

7. gr.

Landsbréf gefa út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Hlutdeildarskírteini skulu hljóða á nafn eða á safnreikning.

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á hlutfallslegu tilkalli til eigna sjóðsins. Landsbréfum er, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því. Stjórn Landsbréfa er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 7/2020, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu. Hlutdeildarskírteini veita eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins, Landsbankinn, heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans og er slík tilkynning forsenda þess að eigendaskipti teljist gild. Eru Landsbréf skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því gengi sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um.

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og er heimilt að setja ákvæði um lágmarkasjárfestingu í útboðslýsingu. Við kaup í sjóðnum er heimilt að innheimta allt að 1,0% gjald. Opíð er fyrir viðskipti í sjóðnum frá kl. 9:30 – 13:30 þá viðskiptadaga sem Kauphöllin á Íslandi er opin. Beiðni um viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á dagslokagengi þess dags sem beiðnin berst og uppgjör fer fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags. Ekki eru innheimt gjöld vegna kaupa eða innlausna fylgisjóða Einkabréfa C.

Fyrir innlausnarupphæðir sem nema yfir 10% af hreinni eign sjóðsins, þó ekki lægra en 100 milljónir kr., hafa Landsbréf heimild til að framkvæma innlausn hlutdeildarskírteina að hluta eða öllu leyti með því að framselja til hlutdeildarskírteinishafa verðbréf, fjármálagerninga sjóðsins og aðrar eignir hans í sömu hlutföllum og svara til hlutdeildar viðkomandi í sjóðnum (innlausn „in kind“), enda meti Landsbréf slíka framkvæmd best fallna til að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa

Landsbréfum er heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að

ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinnanna eða almennings þess, sbr. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Landsbréf geta tekið ákvörðun um að lokað verði fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ef ekki er talið að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði.

Ráðstöfun arðs og annarra tekna

8. gr.

Arður eða aðrar tekjur af eignum sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingarstefnu hans.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

9. gr.

Gengi Landsbréfa – Einkabréfa C er reiknað í dagslok þá viðskiptadaga sem sjóðurinn er opinn og notað til uppgjors viðskipta tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum og reglum sem stjórnvöld setja um eignir fjárfestingarsjóða. Matið skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem eru skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði með virka verðmyndun skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Landsbréfa, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Samruni við aðra sjóði

10. gr.

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við aðra sjóði. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um samruna við aðra sjóði, sem og ef stjórn Landsbréfa telur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa best borgið með samruna við annan sjóð, til dæmis vegna markaðsaðstæðna. Samruni fjárfestingarsjóða er ávallt háður samþykki Fjármálaeftirlitsins og sjóðir sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Upplýsa skal eigendur hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og yfirtökusjóðs um fyrirhugaðan samruna 30 dögum áður en innlausnarskylda líkur og birta nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um m.a. ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna, þau áhrif sem álitid er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, réttindi hlutdeildarskírteinishafa og atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistökudag samrunans og viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans. Einnig skal birta lykilupplýsingar yfirtökusjóðs.

Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðsins án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Einnig er hlutdeildarskírteinishöfum heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði í rekstri Landsbréfa með sambærilega fjárfestingarstefnu. Þessi innlausnarskylda tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Um slit sjóðsins

11. gr.

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um að slíta sjóðnum, einnig ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteina séu best varðir með því að slíta sjóðnum. Komi til slita sjóðsins verður öllum eignum hans ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa hlutfallslega í samræmi við eign þeirra. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um slit sjóðsins. Tilkynningin skal innihalda skilmála slitanna og gildistöku þeirra breytinga.

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um að framselja hlutverk sitt sem rekstraraðila sjóðsins. Um slíka ákvörðun skal farið eins og um reglubreytingar samkvæmt 12. gr.

Breytingar á reglum

12. gr.

Ákvörðun um breytingar á reglum þessum skal tekin af stjórn Landsbréfa og öðlast þær ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Landsbréf skulu tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum þessum. Stjórn Landsbréfa getur farið þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það samþykki að veita undanþágu frá tilkynningarskyldu þessari sbr. 3. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Reglur þessar skulu vera fjárfestum aðgengilegar að endurgjaldslausu.